

18. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 16. júlí 2019 í fjarfundabúnaði.

Fundurinn hófst kl. 8:30.

Á fundinn eru mættir, Björn Ingimarsson, Anna Alexandersdóttir, Jón Þórðarson, Gauti Jóhannesson, Bergþóra Birgisdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Elvar Snær Kristjánsson, Björg Björnsdóttir og Aðalheiður Borgþórsdóttir.

Róbert Ragnarsson sem ritaði fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Kynningaráætlun

Á 17. fundi samstarfsnefndar 12. júlí var ákveðið að óska eftir nánari útfærslu frá Athygli og H:N markaðsráðgjöf á því hvernig fjármagninu væri best varið í annars vegar ráðgjöf og hins vegar birtingar. Fjárhagsrammi er áætlaður 5,5 mkr.

Nánari útfærslur bárust frá báðum aðilum og voru þau gögn lögð fyrir fundinn. Bæði félögin leggja meiri áherslu á almannatengsl en hefðbundnar auglýsingar. Áætlaður kostnaður við auglýsingabirtingar er hjá hvorum aðila um sig um 1 mkr.

Áætlaður ráðgjafakostnaður hjá H:N er um 2,4 mkr. með myndbandagerð og um 3,4 mkr. hjá Athygli með myndbandagerð. Mismunur í heildarverði ræðst af því að H:N áætla að verkefnið taki minni tíma. Kostnaðaráætlanir eru því sambærilegar.

Björg vakti athygli á því að afar mikilvægt er að ná til ungs fólks með þeim aðferðum og á þeim vettvangi sem ungt fólk notar. Lýsti hún áhyggjum af því að hvorugur aðilinn hefði skýra sýn á hvernig það yrði gert. Mikilvægt sé að vinna það betur með þeim aðila sem samið verður við.

Að mati Jóns er framtíðarsýnin ekki nægilega skýr og mikilvægt að skerpa betur á henni í kynningu verkefnisins.

Eftir umræður og yfirferð þeirra gagna sem ráðgjafarnir hafa lagt fram var gengið til atkvæða um hvort gengið yrði til samninga við Athygli eða H:N markaðssamskipti.

Ákveðið með sex atkvæðum að ganga til samninga við H:N markaðssamskipti. Björg og Jón sátu hjá.

Róberti falið að upplýsa um niðurstöðu samstarfsnefndar.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 9:00.